

## Svar

forseta Alþingis við fyrirspurn frá Birgittu Jónsdóttur  
um fjarskiptaupplýsingar alþingismanna.

1. *Hvernig er háttáð varðveislu gagna sem stafa af greiðslu Alþingis á símreikningum alþingismanna, bæði vegna heimasíma og farsíma?*

Símreikningar á rafrænu formi eru varðveittir í rafrænu bókhaldskerfi Alþingis. Símreikningar sem berast á pappírformi eru skannaðir inn í bókhaldskerfi Alþingis og varðveittir þar rafrænt auk þess sem reikningurinn er varðveittur í fylgiskjalamöppu.

2. *Hvaða starfsmenn Alþingis hafa aðgang að símreikningum og/eða fjarskiptaupplýsingum alþingismanna?*

Aðgang að upplýsingum um símreikninga hefur aðstoðarskrifstofustjóri (rekstur), forstöðumaður upplýsingatækniskrifstofu og þrír starfsmenn fjármálaskrifstofu, þ.e. forstöðumaður, bókari og gjaldkeri.

3. *Innihalda símreikningarnir upplýsingar um í hvaða númer alþingismaður hefur hringt, hve lengi símtöl standa og hvaða númerum hafa verið send sms-skilaboð, eða eru þessar upplýsingar með einhverjum öðrum hætti varðveittar eða aðgengilegar einhverjum starfsmönnum Alþingis?*

Símreikningar sem berast Alþingi innihalda ekki þær upplýsingar sem spurt er um í þessum lið. Starfsmenn Alþingis hafa því ekki aðgang að þeim upplýsingum sem spurt er um og skrifstofan varðveitir engin slík gögn.

4. *Hve lengi eru þessi gögn varðveitt hjá þinginu og hvernig er þeim eytt?*

Bókhaldsgögnum Alþingis hefur ekki verið eytt frekar en öðrum frumskjölum þingsins. Bókhaldsgögn eru ýmist varðveitt í rafrænu bókhaldskerfi þingsins eða í skjalasafni Alþingis (þau sem eru á pappírformi).